

# Öðruvísi Jóladagatal

 -Sælla er að gefa en þiggja



## Til foreldra og forráðamanna

Við höfum ákveðið að taka þátt í Öðruvísi jóladagatali SOS Barnaþorpanna í desember. Á hverjum skóladegi í desember opnum við nýjan glugga og sjáum stutt myndband um börn frá ýmsum heimshlutum.

Í stað þess að fá gjöf eða súkkulaðibita í dagatalinu munum við leggja áherslu á að gefa af okkur. Nemendur geta unnið létt heimilisverk heima við og unnið sér þannig inn smá pening sem rennur til SOS Barnaþorpanna. Heimilisverkið og tímasetning þess ákveða nemendur í samráði við foreldra sína og það er undir hverri fjölskyldu komið að ákveða hvort og þá hvaða upphæð gefa skuli. Margt smátt gerir eitt stórt! Nemendur fá umslag með sér heim sem þeir geta sett peninginn í og skilað lokuðu í skólann í lokin. Einnig er hægt að leggja framlögin beint inn í gegnum heimasíðu SOS Barnaþorpanna, [sos.is](http://sos.is).

SOS Barnaþorpin gefa munaðarlausum og yfirgefnum börnum um allan heim öruggt heimili en samtökin starfa í rúmlega 130 löndum óháð trúarbrögðum og stjórnmálum. Öll framlög sem safnast í ár fara til Rúanda og verða notuð til að hjálpa barnafjölskyldum í sárafátækt að standa á eigin fótum í gegnum fjölskylduefingu SOS Barnaþorpanna. Tilgangurinn með fjölskylduefingunni er að gera foreldrum kleift að mæta grunnþörfum barna sinna til að koma í veg fyrir aðskilnað barna og foreldra.

# Öðruvísi Jóladagatal

 -Sælla er að gefa en þiggja



## Til foreldra og forráðamanna

Við höfum ákveðið að taka þátt í Öðruvísi jóladagatali SOS Barnaþorpanna í desember. Á hverjum skóladegi í desember opnum við nýjan glugga og sjáum stutt myndband um börn frá ýmsum heimshlutum.

Í stað þess að fá gjöf eða súkkulaðibita í dagatalinu munum við leggja áherslu á að gefa af okkur. Nemendur geta unnið létt heimilisverk heima við og unnið sér þannig inn smá pening sem rennur til SOS Barnaþorpanna. Heimilisverkið og tímasetning þess ákveða nemendur í samráði við foreldra sína og það er undir hverri fjölskyldu komið að ákveða hvort og þá hvaða upphæð gefa skuli. Margt smátt gerir eitt stórt! Nemendur fá umslag með sér heim sem þeir geta sett peninginn í og skilað lokuðu í skólann í lokin. Einnig er hægt að leggja framlögin beint inn í gegnum heimasíðu SOS Barnaþorpanna, [sos.is](http://sos.is).

SOS Barnaþorpin gefa munaðarlausum og yfirgefnum börnum um allan heim öruggt heimili en samtökin starfa í rúmlega 130 löndum óháð trúarbrögðum og stjórnmálum. Öll framlög sem safnast í ár fara til Rúanda og verða notuð til að hjálpa barnafjölskyldum í sárafátækt að standa á eigin fótum í gegnum fjölskylduefingu SOS Barnaþorpanna. Tilgangurinn með fjölskylduefingunni er að gera foreldrum kleift að mæta grunnþörfum barna sinna til að koma í veg fyrir aðskilnað barna og foreldra.